

eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim 180 fullgilda tryggingu. 8. des.

4. gr.

Afli sá, sem fenginn er með aðferð, sem er á móti 1. grein, skal upptækur vera, og andvirði hans rennur að hálfu í fátækra sjóð og $\frac{1}{4}$ til uppljóstursmanns. og $\frac{1}{4}$ til þess, sem upptækur. Sá er brotlegur hefur orðið, greiði þess utan sekt frá 5—500 króna, er skiptist á sama hátt og aflinn.

Sektir og andvirði afla tilfalli fátækra sjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1891, og kuungjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni,

Íslands Suðuramt, Reykjavík 8. desbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi veiting Hvamms- 181 prestakalls. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, 7. nóv. sent hingað erindi síra Jóns Guttormssonar, sóknarprests að Hjarðarholti og prófasts í Dalaprófastdæmi, út af því, að Hvamms-prestakall í nefndu prófastdæmi, sem endurstofnað var með lögum nr. 16. 22. marz þ. á. hafði verið auglýst til veitingar 20. maí þ. á. og útaf því að þjer höfðuð látið biskup tilkynna honum, að nefnt prestakall mundi verða veitt með öllum rjettindum frá fardögum 1890, þannig að prestar þeir, sem þjónað hefðu sóknnum prestakallsins, Hvammsókn og Staðarfellssókn, þ. e. málshefjandinn sjálfur og presturinn að Skarðs-þingum, yrðu að koma sjer saman við hinn nýja prest um tiltölulega þóknun fyrir starfa þeirra, og gjörir hann þá fyrirspurn í nefndu erindi:

1. hvort nýnefnd lög hafi eptir fyrmælum 1. greinar í lögum nr. 11, 24. ágúst 1877 getað öðlast gildi fyrr en 12 vikum eptir að auglýst hafði verið í B-deild Stjórnartíðindanna að lögin væru út komin í A-deildinni, og
2. frá hvaða tíma presti þeim, sem veitingu kynni að fá fyrir Hvamms-prestakalli, beri samkvæmt 1. og 3. grein í tilsk. 6. jan. 1847 rjettur til tekna af brauðinu.

Viðvíkjandi þessu hafið þjer tekið fram, að sameining sú á Hvamms- og Ásgarðssókn við Hjarðarholtsprestakall, sem ákveðin er í lögum 27. febr. 1880, hafi aldrei komizt á af þeirri ástæðu, að málshefjandi, síra Jón Guttormsson, hafi neitað því að taka við tjeðum sóknnum með þeim kjörum, sem sett eru í umgetnum lögum, og að Hvamms-prestakalli hafi þannig í verunni stadið óveitt síðan 1881, en sóknnum þeim tveimur, sem í því eru, Hvammsókn og Staðarfellssókn, hafi að eins til bráðabirgða verið þjónað af málshefjanda og prestinum til Skarðs-þinga, og látið þjer í ljósi að jafnvel þótt eigi verði álitid, að lög 22. marz þ. á. hafi öðlast gildi fyrr en 12 vikum eptir að auglýst var í B-deild Stjórnartíð., að þau væru út komin, eða hinn 5. d. ágúst m. þ. á., þá hafi biskupi að yðar álitu borið bæði rjettur og skylda til þess, þegar er hann hafði fengið vitneskju um, að lögin væru út komin, að gjöra ráðstafanir til, að Hvamms-prestakall gæti orðið veitt svo fljótt sem auðið væri eptir að lögin hefði öðlast gildi; enn-

181 fremur takið þjer fram, að yður virðist vafalaust, að jafnvel þótt prestakallið sje veitt
7. nóv. eptir faradaga 1890, þá beri hinum nýja presti tekjur þess frá nýnefndum fardögum
eptir fyrirmælum 2. greinar í tilskip. 6. jan. 1847, þannig að þeir nágrannaprestar, sem
þjónað hafi sóknum prestakallsins frá fardögum, hljóti fyrir þann starfa sinn þóknun þá,
sem um ræðir í tilsk. 3. febrúar 1836 IV. En hitt teljið þjer misskilning einberan
hjá málshefjanda, að fyrirmæli 1. greinar í tilsk. 6. jan. 1847 geti átt við þegar svo
stendur á, sem hjer er um að ræða, með því að nefnd lagagrein taki að eins til þess,
er brauð losnar fyrir þá sök, að prestur sá, er veitingu hefur fyrir því haft, fær annað
brauð, er leystur frá prestsþjónustu eða deyr, en hjer sje einungis að ræða um bráða-
birgðapjónustu nágrannapresta á óveittu prestakalli, og hafi þeir því einungis rjett til
þóknunar af tekjum brauðsins fyrir þá þjónustu, sem þeir í raun og veru hafa af hendi
innt, og sje þjónustu þeirra sjálflokið þegar er brauðið hefur verið veitt og hinn nýi
prestur er til kallsins kominn.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar vitundar,
og til þess að það megi málshefjanda kunnugt verða, að jafnvel þótt lög 22. mars þ. á.
um breyting á nokkum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum geti ekki
talizt í gildi gengin fyrr en 5. ágúst þ. á., verður ráðgjafinn að vera yður, herra lands-
höfðingi, samdóma um það, að hlutadeigandi stjórnarvöld hafi fulla heimild til þess að
veita Hvamms-prestakall, að liðnum 5. d. ágústmán. þ. á., frá síðastliðnum fardögum að
telja, þannig að tekjur prestakallsins frá nefndum fardögum hlotnist hinum nýja presti
samkvæmt fyrirmælum 2. greinar í tilskipun 6. jan. 1847, þar eð lög 27. febr. 1880
hafa aldrei komizt til framkvæmda að því er Hvamms-prestakall snertir, og með því að
1. gr. í tilskip. 6. jan. 1847 ekki verður heimfærð upp á presta, sem settir eru til
bráðabirgðapjónustu, og þar sem loks nágrannaprestum þeim, er settir voru til bráða-
birgða til að þjóna sóknum presktakalls þess, sem hjer er um að ræða, var tilkynnt þegar
fyrir fardaga þ. á., að hið endurssofnaða prestakall mundi verða veitt frá umræðum
fardögum.

182

Reikningur

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda frá 1. septembermán. 1889
til 31. ágústmán. 1890.

	Tekjur	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar 1. september 1889:			
a. Innritunarskírteini Ltr. A fol. 84		8600 00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum		466 60	9066 60
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:			
a. af innritunarskírteini til 11. júní 1890 á 3½ %		301 00	
b. af innstæðu í landsbankanum til 31. desember 1889		23 12	324 12
		Samtals:	9390 72
	Gjöld:		
1. Heiðursgjafir veittar:		Kr. a.	Kr. a.
a. Guðrúnu Sigurðardóttur í Eyvík		140 00	
b. Hjálvari dbrm. Hermannssyni á Brekku		140 00	280 00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1890:			
a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 84		8600 00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum		510 72	9110 72
		Samtals:	9390 72

Reykjavík 1. október 1890,
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN.

6. nóvember veitti landshöfðingi prestaskólakandídat *Kjartani Helgasyni Hvamms presta-*
kall í Dalaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaðar.

S. d. veitti landshöfðingi aðstoðarpresti sjera *Jóhannesi Lárusi Lynge Jóhannssyni Suð-*
urdalapinga-prestakall í Dalaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða.